



Jóhannes Gunnarsson  
formaður Neytendasamtakanna

# Ráðstafanir

## til bjargar heimilunum

Mikið óvissuástand hefur skapast í efnahagsmálum okkar í kjölfar bankahrunsins. Þetta hefur skapað auknið óöryggi hjá heimilunum og reiðin kraumar undir niðri eins og mótmæli undanfarinna vikna sýna. Einnig hafa margir, þar á meðal Neytendasamtökin, kvartað yfir takmörkuðum upplýsingum frá stjórnvöldum. Nú eru línur teknar að skýrast og eitt það mikilvægasta, lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, er nú loks í höfn. Í kjölfarið hafa svo verið fengin lán frá seðlabönkum nokkurra annarra landa. Einnig hafa línur skýrst varðandi þær aðgerðir sem ríkisstjórnin ætlar að grípa til til að aðstoða heimilin í landinu. Ljóst er að vandamáluð er fyrst og fremst frestað með því að fresta hluta af greiðslum lána og að greiðslubyrði lána heimilanna mun aukast síðar. Þetta er þó mikilvægt til að hjálpa heimilunum við að komast yfir erfiðasta hjallann.

Tilmæli liggja fyrir um frystingu á gengislánnum og þann 17. nóvember sl. samþykkti Alþingi með sérstakri flýtimeðferð lög um breytingu á lögum um greiðsluöfnun fasteignaveðlána (verðtryggð lán) til einstaklinga. Í fyrstu grein laganna segir: „skal misgengi, sem orsakast af hækkun vísitölu neysluverðs eða annarrar viðmiðunarvísitölu lána umfram hækkun launa, ekki valda því að greiðslubyrði af lánnum þyngist.“ Þeir sem muna eftir því hrikalega misgengi lána og launa sem myndast á árinu 1984 og kom mörgum heimilum á vonarvol hljóta að fagna þessu. Það á jafnt við um þessa aðgerð og það úrræði að frysta afborganir lána hjá Íbúðalánasjóði að sá hluti skuldar sem heimilin fá frest til að greiða leggst ofan á höfuðstól lánanna þannig að vissulega kemur síðar að skuldadögum. Þessar aðgerðir geta þó skipt mörg heimili sem eiga nú þegar við greiðsluvanda að stríða miklu máli. Þá skiptir að sjálfsögðu

meginmáli að aðstæður þessara heimila batni þannig að þau geti staðið í skilum með hærri afborganir síðar meir.

Það vekur hins vegar óneitanlega athygli að það skuli hafa verið sett sem skilyrði fyrir frystingu á lánnum hjá Íbúðalánasjóði að vanskil séu ekki fyrir hendi. Því miður uppfylla mörg heimili ekki þetta skilyrði og á þetta ekki síst við um þá sem hafa mesta þörf fyrir aðstoð. Ríkisstjórnin þarf því að gera betur. Neytendasamtökin hafa í hálfan annan áratug barist fyrir því að sett verði lög að norrænni fyrirmynd um greiðsluáðlögun, eins og ítrekað hefur komið fram hér í blaðinu. Ljóst er að slík lög geta einmitt hjálpað þeim hópi sem nú þegar er með lán sín í vanskilum. Það vekur furðu á jafn erfiðum tímum og nú að þetta sé ekki afgreitt hið snarasta sem lög frá Alþingi. Fyrir liggur frumvarp þessa efnis frá viðskiptaráðherra og samkvæmt upplýsingum Neytendasamtakanna hafa viðskiptaráðuneytið og dómismálaráðuneytið verið að kasta þessu frumvarpi á milli sín. Slíkt er með öllu óþolandi og krefjast Neytendasamtökin þess að þetta frumvarp verði þegar lagt fram og fái flýtimeðferð á Alþingi.

Í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar til að efla hag heimilanna er að finna margt sem kemur skuldugum heimilum til góða. Þar má nefna að gjöld eins og stimpil- og þinglýsingargjöld vegna skilmálabreytinga lána verða felld niður tímabundið. Lögum um dráttarvexti verður breytt með það að markmiði að lækka þá og veitir ekki af. Einnig má nefna að í lögum um innheimtustarfsemi sem ganga í gildi um næstu áramót verður nýtt heimild um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar. Raunar hafa Neytendasamtökin lagt mikla áherslu á síðast nefnda atriðið enda ljóst

að þessi lög skila neytendum litlu sé þessi heimild ekki nýtt. Margar aðrar tillögur má finna í hugmyndum ríkisstjórnarinnar en lesa má nánar um þetta á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins.

Einnig eru stjórnvöld að skoða þann möguleika að heimila þeim sem lagt hafa til hliðar í formi viðbótarlífeyrissparnaðar að taka út þann sparnað til að greiða niður skuldir. Ljóst er að fjölmargir, ekki síst yngri fólk, myndi nýta sér þennan möguleika enda er dýrt að skulda, svo ekki sé talað um ef lánin eru í formi neyslulána eins og yfirdráttar eða raðgreiðslna. Þetta getur því verið vænlegur kostur, jafnvel þó verið sé að nota þann sparnað sem ætlaður var til efri árána. Því telur sá sem þetta skrifar að stjórnvöld eigi að bjóða upp á þennan möguleika.

Á þingi Neytendasamtakanna, sem haldið var í lok september sl., var samþykkt ályktun um að þegar bæri að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Með því móti væri unnt að meta kosti og galla Evrópusambandsaðildar. Það er skoðun þess sem þetta skrifar að umsókn nú myndi styrkja okkur verulega í því uppbyggingarstarfi sem framundan er. Mikil umræða er nú manna á meðal um verðtryggingu fjárskuldbindinga enda ljóst að verðtryggingin hækkar verulega höfuðstól lána í þeirri verðbólgu sem við búum við nú. Það er ljóst að þetta er ein afleiðing þess að vera með handónýtan gjaldmiðil. Með aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru þegar við uppfyljum skilyrði til þess myndi verðtryggingin illræmda líða undir lok og vextir hér yrðu sambærilegir við það sem þekkist í Evrópu. Hér er því um mikið hagsmunamál að ræða fyrir almenning.